



Heilbrigðisráðherra
Svandís Svavarsdóttir
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Akranes, 10. nóvember 2020

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur frá árinu 2017 segir:

"Einnig verður hugað að því að styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila en áhersla verður einnig lögð á aðra þjónustubætti, svo sem heimahjúkrun, dagþjálfun og endurhæfingu."

Fjórða árið í röð er rekstrarfé hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma skert af hálfu ríkisins með svonefndri aðhaldskröfu sem nemur 0,5% á ári. Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir 2021 verður aðhaldskrafan 306,6 milljónir króna. Samtals mun því ríkið greiða 2,3 milljörðum minna til reksturs hjúkrunarheimila og dagdvala á tímabilinu 2018-2021. Árlegar greiðslur til hjúkrunarheimila og dagdvala mun því verða rúmlega einum milljarði króna lægri en það hefði orðið ef ekki hefði komið til umræddra skerðinga.

Ekkert hefur því farið fyrir efndum ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur á ofangreindri yfirlýsingu í stjórnarsáttmála hennar.

Í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis frá því í desember 2019 segir:

"Mikill meirihluti hjúkrunarheimila er rekinn með halla ár eftir ár, en afkoma er engu síður mjög misjöfn eftir heimilum. Þessi breytileiki bendir til þess að rekstur margra hjúkrunarheimila mætti vera betri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér stefnir í mun lakari afkomu á yfirstandandi ári en í fyrra. Fjöldmörg sveitarfélög sem bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimila hafa rökstutt og bent á viðvarandi hallarekstur."

Það er mat bæjarstjórnar Akraness að rekstrarstaða hjúkrunarheimila og dagdvala sé algjörlega óviðunandi og skorar bæjarstjórnin á heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnina að falla frá þeirri aðhaldskröfu á hjúkrunarheimilin í framlögðu fjárlagafrumvarpi.



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn Akraness fagnar skipun starfshóps til að greina rekstrarkostnað hjúkrunarheimila en starfshópurinn átti að skila niðurstöðu sinni eigi síðar en 1. nóvember síðastliðinn. Nú er ljóst að þessi vinna starfshópsins mun dragast fram á næsta ár. Því skorar bæjarstjórn Akraness á heilbrigðisráðherra og ríkistjórn Katrínar Jakobsdóttur að styrkja nú þegar rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila og dagdvala um 1.500 milljónir króna á árinu 2021.

Valgarður L. Jónsson

Elsa Lára Arnardóttir

Rakel Óskardóttir

Bára Daðadóttir

Kristinn Hallur Sveinsson

Ragnar B. Sæmundsson

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Ólafur Adólfsson